

Sþ.

396. Tillaga til þingsályktunar

[201. mál]

um framhald Inndjúpsáætlunar.

Flm.: Sigurlaug Bjarnadóttir, Steingrímur Hermannsson, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar, að ríkisstjórnin skuli hlutast til um að bændur á svæði Inndjúpsáætlunar skuli næstu fimm ár eftir að starfstíma áætlunar lýkur halda þeirri lánaþyrirgreiðslu til ræktunar, sem þeir hafa notið frá Stofnlánadeild landbúnaðarins og Byggðasjóði.

Híð sama skal gilda um lánaþyrirgreiðslu næstu þrjú ár til byggingarframkvæmda á áætlunarsvæðinu.

Greinargerð.

Samkvæmt þingsályktun frá 1974 hófst það sama ár framkvæmd Inndjúpsáætlunar, er taka skyldi fimm ár: 1974—1978, og er þannig nú á lokaári. Inndjúpsáætlun er fyrsta landbúnaðaráætlun sinnar tegundar hérlendis og má því skoðast sem eins konar tilraun á þessu sviði.

Þótt fullyrða megi, að áætlun þessi hafi skipt sköpum fyrir þær sveitir, er hún nær til, og stöðvað frekari fólksfækkun við innanvert Ísafjarðardjúp, þá verður um leið að viðurkenna, að framkvæmd hennar hefur að ýmsu leyti verið ábótavant og ekki verið staðið sem skyldi við gefin heit af hálfu fjárveitingavaldsins. Þannig var við upphaf áætlunarinnar gert ráð fyrir að veita bændum á áætlunarsvæðinu 25% staðaruppbót á afurðaverð. Þessi uppbót hefur orðið hæst 14.29%, en er nú komin niður í 7%. Sérstök fjárveiting á fjárlögum skyldi standa undir þessum uppbótageiðslum. Nam hún á fyrsta áætlunarárinu 5 millj. kr., en hefur síðan verið 7 millj. árlega, nema árið 1976, er hún féll niður í 6.6 millj. Segir sig sjálft, að sú upphæð hefur á undanförunum verðbólgu tímum engan veginn gegnt hinu tilætlaða hlutverki. Sömuleiðis hefur komið í ljós, að ýmsir kostnaðarliðir, svo sem flutningskostnaður byggingarefnis og aðrir aðdrættir, voru vanáætlaðir í upphafi og jafnan hefur skort fé til að standa straum af nauðsynlegri framkvæmda- og yfirstjórn. Af þessum sökum hefur lagst meiri kostnaður á bændurna en ætlað var í upphafi.

Í tillögu þessari er þó ekki farið fram á að fá áfram þessa árlegu fjárveitingu á fjárlögum. Hins vegar er þess farið á leit, að bændur á svæði Inndjúpsáætlunar njóti áfram á næstu árum þeirrar sérstöku lánaþyrirgreiðslu, er þeim var tryggð samkv. áætluninni, þ. e. 10% viðbótarlán úr Stofnlánadeild landbúnaðarins og 15% lán úr Byggðasjóði. Sérstaklega þarf að huga hér að ræktunarþætti áætlunarinnar, sem hefur orðið mjög útundan í framkvæmd hennar af ýmsum orsökum, m. a. þeirri, að ekki fengust skurðgröfur, er til þurfti, fyrr en á þriðja ári áætlunarinnar. Nú, á lokaárinu, eru horfur á, að ekki verði ræktaður á tímabilinu nema aðeins 1/5 hluti þess, sem til stóð. Þess vegna er í tillögunni gert ráð fyrir, að lánaþyrirgreiðsla til ræktunar haldist enn um fimm n. k. ár, en þrjú ár til byggingarframkvæmda.

Það er von flutningsmanna, að þessi tillaga mæti þeim skilningi á Alþingi, er nægi til að koma í veg fyrir, að botninn detti úr Inndjúpsáætlun með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir Djúpbændur, sem hún hefur þegar gert mikið gagn, en eru hins vegar illa við því búnir, að nú verði snögglega dregið í land af hálfu stjórnvalda, á meðan svo mikið vantar á sem raun ber vitni að áætlunin hafi verið framkvæmd til fullnustu.